



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 8. ágúst 2013

Ákvörðun nr. 22/2013

Kaup Nathan & Olsen hf. á snyrtivörudeild Forvals heildverslunar ehf.

I.

Samruni

Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning þann 18. júní 2013 þar sem tilkynnt var um kaup Nathan & Olsen hf. (hér eftir Nathan & Olsen) á rekstri snyrtivörudeildar Forvals heildverslunar ehf. (hér eftir Forval). Tilkynningunni fylgdi samrunaskrá, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Í samrunaskránni kemur fram að þann 7. júní sl. hafi Nathan & Olsen gert skilyrt kautilboð í rekstur snyrtivörudeildar Forvals sem hafi verið samþykkt og þá kaupsamningur komist á milli aðila. Segir að með samningnum kaupi Nathan & Olsen allan rekstur tengdan vörumerkjum sem tilheyri snyrtivörudeild Forvals. Ennfremur kaupi Nathan & Olsen alla viðskiptasamninga við birgja vegna vörumerkjanna. Þá nái kaupsamningurinn til allra innréttinga, tækja, búnaðar og bíla sem tengist rekstri snyrtivörudeildarinnar. Enn fremur segir að um sé að ræða kaup á því sem næst öllum rekstri Forvals.

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. kemur fram að um geti verið að ræða samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að umræddur kaupsamningur um yfirtöku Nathan & Olsen á Forvali er samruni í skilningi umrædds ákvæðis og eru veltuskilyrði uppfyllt.

II.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Í samrunaskrá kemur fram það sjónarmið að Nathan & Olsen starfi við innflutning, heildsölu og dreifingu á dagvörum. Þær hreinlætis- og snyrtivörur sem fyrirtækið flytji inn séu einkum seldar í dagvöruverslunum. Um sé að ræða vörur eins og sjampó, svitalyktareyði og hand- og sturtusápur. Er vísað til mælinga AC Nielsen um hlutdeild



Nathan & Olsen í sölu á hreinlætis- og snyrtivörum í dagvöruverslunum árið 2012. Kemur þar fram að hlutdeild í sölu á helstu vöruflokkum sé að jafnaði í kringum [...] ¹%, breytilegt eftir flokkum. Forval flytji inn og selji í heildsölu bæði snyrti- og förðunarvörur. Helstu vörur séu krem, augnkrem, ilmvötn og naglalökk. Um sé að ræða vörur sem seldar séu aðallega í sérvöruverslunum, snyrtivörudeildum stærri verslana, apótekum og snyrtistofum. Kemur fram að hlutdeild Forvals árið 2012 í innflutningi (m.v. tollflokkanum) ilmvötn, almennar snyrtivörur, varafarða, augnfarða, naglalakk og krem hafi verið um [...]%. Í samrunaskrá kemur fram það mat að samrunaaðilar starfi ekki á sama eða sömu mörkuðum að neinu leyti. Snyrtivörur sem Nathan & Olsen bjóði núna upp á séu seldar á lágu verði, a.m.k. samanborið við vörur Forvals. Því sé um tvo aðgreinda markaði að ræða og hvorugur aðila markaðsráðandi á þeim. Samruninn hafi því engin skaðleg áhrif á samkeppni og útilokað að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Þá er í samrunaskrá einnig vísað til kaupendastyrks stærstu viðskiptavina samrunaaðila en þeir eru aðallega Hagar, Kaupás og Samkaup (hjá Nathan & Olsen) og Hagar, Lyf og heilsa, Lyfja og Fríhöfnin (hjá Forvali).

Í máli þessu er til skoðunar samruni tveggja fyrirtækja sem hafa sinnt innflutningi, heildsölu og dreifingu á hreinlætis- og snyrtivörum hér á landi. Ljóst er því að þeir markaðir sem samrunaaðilar starfa á taka til heildsölu og dreifingar á umræddum vörum í víðum skilningi. Eins og fyrr segir halda samrunaaðilar því þó fram að þeir starfi ekki á sömu mörkuðum að neinu leyti. Þó báðir stundi innflutning á hreinlætis- og snyrtivörum sé um ólíkar vörur að ræða sem uppfylli mismunandi þarfir og ekki sé um sömu endursöluaðila að ræða nema að litlu leyti. Þá sé verðmunur á vörunum mikill.

Samkeppniseftirlitið telur að sölu á hreinlætis- og snyrtivörum megi eftir atvikum skipta í marga undirmarkaði þar sem ekki er t.d. staðganga á milli handsápu og naglalakks. Þá geta vörur með sömu eiginleika tilheyrt sitthvorum markaðnum ef verðmunur þeirra er mikill. Í máli þessu telur eftirlitið hins vegar að ekki sé þörf á að taka endanlega afstöðu til staðgöngu þeirra vara sem samrunaaðilar selja og þar með þeirra markaða sem þeir starfa á. Samkeppniseftirlitið telur að við mat á samkeppnislegum áhrifum sé nægjanlegt að líta til upplýsinga um hlutdeild samrunaaðila í þeim undirflokkum snyrtivara sem þeir flytja inn og selja til endursöluaðila hér á landi. Hafa samrunaaðilar eins og áður segir lagt fram upplýsingar um vægi Nathan & Olsen í sölu á helstu flokkum hreinlætis- og snyrtivöru til dagvöruverslana samkvæmt upplýsingum frá AC-Nielsen. Þá hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga frá Tollstjóra um vægi Forvals í innflutningi á helstu tollflokkum sem innihalda snyrtivörur.

Samkvæmt upplýsingum AC Nielsen var hlutdeild Nathan & Olsen í sölu á helstu flokkum hreinlætis- og snyrtivara til dagvöruverslana² eftirfarandi árið 2012:

Svitalyktareyðir	[25-30]%
Sjampó	[5-10]%

¹ Upplýsingar innan hornklofa [...] eru trúnaðarupplýsingar og verða því ekki birtar í ákvörðun þessari. Tölulegar upplýsingar kunna þó að vera birtar á tilteknu bili.

² Um er að ræða verslanir Haga, Kaupáss, Samkaupa, 10-11, Kaupfélags Skagfirðinga og Fjarðarkaup. Samtals voru þessar verslanir með um 86-87% hlutdeild á dagvörumarkaði árið 2012, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2013 *Samruni Station ehf. og Íslands-verslunar ehf.*



Húðvörur	[5-10]%
Handsápur	[35-40]%
Handsápur - fljótandi	[5-10]%
Sturtusápur	[20-25]%
Samtals vegin hlutdeild	[10-15]%

Forval hefur ekki selt hreinlætis- og snyrtivörur til dagvöruverslana nema að óverulegu leyti fyrir utan það sem fer til sölu í snyrtivörudeildum.

Hlutdeild Forvals í innflutningi á helstu snyrtivöruflokkum var eftirfarandi árið 2012 samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóra:

Ilmvötn	[15-20]%
Aðrar snyrtivörur	[0-5]%
Varafarði	[10-15]%
Augnfarði	[10-15]%
Naglalakk	[0-5]%
Krem	[0-5]%

Nathan & Olsen hefur ekki flutt inn vörur í þessum flokkum.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Samkeppniseftirlitið telur með hliðsjón af upplýsingum um hlutdeild og vægi samrunaaðila í innflutningi og sölu á hreinlætis- og snyrtivörum að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna yfirtöku Nathan & Olsen á Forvali. Ljóst er að þó vörur beggja fyrirtækja tilheyri breiðum flokki hreinlætis- og snyrtivara í víðum skilningi er vöruframboð þeirra mjög mismunandi auk þess sem margir aðilar aðrir koma að sölu á vörum í þessum flokkum. Þannig er hlutdeild samrunaaðila ekki það há í neinum flokki að hún veiti vísbendingar um að samruninn hindri virka samkeppni. Þá er vöruframboð fyrirtækjanna mjög mismunandi hvað varðar verð, gæði og þjónustu. Einnig er ljóst að kaupendastyrkur stærstu viðskiptavina (endurseljenda) beggja samrunafyrirtækjanna er all nokkur.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samruna Nathan & Olsen hf. og Forvals heildverslunar ehf.“



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson